

# FUNDARGERÐ

## 589. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, föstudaginn 24. maí, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 2. Staðsetning ærslabelgs.

*Afbrigði samþykkt*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2018 – síðari umræða.

Tekinn var til síðari umræðu ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2018.

Heildartekjur A- og B- hluta voru 714,7 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum voru samtals 592,3 milljónir, fjármagnsliðir voru neikvæðir um 30,3 milljónir og því rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð um 92,4 milljónir.

Rekstrartekjur A- hluta voru 694,3 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum 568,1 milljónir, fjármagnsgjöld neikvæð um 5,9 milljónir og rekstrarniðurstaða jákvæð um 132,1 milljónir. Heildareignir samstæðunnar eru 1.352,5 milljónir og skuldir 673,8 milljónir og eigið fé því 678,7 milljónir.

*Sveitarstjórn staðfestir með undirritun sinni ársreikninginn við síðari umræðu. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir sinn þátt í góðri niðurstöðu rekstrar sveitarfélagsins.*

### 2. Staðsetning Ærslabelgs

Fram var lögð tillaga um staðsetningu ærslabelgs og að honum verði komið upp á lóð Víkurskóla á milli sparkvallar og íþróttavallar.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

RH  
EFL  
B. Jóns

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 16:35



Einar Freyr Elínarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson

